

## AUGLÝSING

### um (1.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015 fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

#### 1. gr.

Við IV. kafla bætist ný grein, 32. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

#### *Ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu ráðgefandi álits á því hvort úrgangur hætti að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum tiltekna endurnýtingaraðgerð, sbr. reglugerð um endurnýtingu úrgangs. Fastagjald fyrir móttöku umsóknar og grunnvinnu við gerð álitsins skal vera kr. 523.600. Reikningur skal gefinn út þegar fullnægjandi umsókn hefur borist. Ráðgefandi álit er ekki veitt fyrir en fullnaðargreiðsla hefur borist sbr. 2. og 3. mgr.

Hafi vinna við gerð ráðgefandi álits í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að vinna við ráðgefandi álit hefur í för með sér umframvinnu eða umframkostnað skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þess eins fljótt og auðið er. Þetta ákvæði á jafnframt við hafi Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við umsækjanda, kallað til sérfræðinga til ráðgjafar vegna vinnslu ráðgefandi álits, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt umsækjanda um ráðgefandi álit ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 50% af gjaldi.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 65. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 3. desember 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*